

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 21. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0075
LA, BK

Efni: Umsögn um matsáætlun fyrir Árskógsvirkjun í Þorvaldsdal

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun í gegnum Skipulagsgátt, dags. 22. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun vegna 5 MW vatnsaflsvirkjun sem Arctic Hydro hyggst reisa í Þorvaldsdal í Dalvíkurbyggð.

Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu, 3.700 m langa aðrennslispípu og stöðvarhús. Stíflan er áætluð allt að 14 m há og 440 m löng. Áformuð yfirfallshæð er 164 m y.s. Inntakslón verður um 25 ha að stærð. Áætluð efnisþörf af aðfluttu efni í stífluna er 140.000 m³ (bls. 13). Vegslóði inn að stíflunni í Þorvaldsdal verður bættur og eins verða lagðir slóðar í tengslum við aðrar framkvæmdir, s.s. lagningu aðrennslispípu. Virkjunin mun tengjast spennistöð Rarik við Stærri-Árskóg um 400 m langan jarðstreng.

Fram kemur að Þorvaldsdalur er innan svæðis á náttúruminjaskrá sem nefnist Fjalllendið á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar (nr. 423/501), og er á skrá aðallega vegna landslags og landforma. Þá er Þorvaldsdalur hverfisverndarsvæði vegna landforma við Kotahóla, Brattavallahóla, Hrafnagilshrauns og Kúgilsvatns.

Þorvaldsdalur er lítt raskaður og vel gróinn. Dalurinn er fallega mótaður af ísaldarjökklum og þar má sjá fjölbreytt landform s.s. berghlaup, framhlaupsurðir, aurkeilur, jökulgarða, jökulurðir o.fl..

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð um matsáætlun og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Stofnunin telur jákvætt að óháðir sérfræðingar verði fengnir til að rannsaka og meta áhrif virkjanaframkvæmda á gróður, fuglalíf og lífríki vatns innan svæðisins. Til að kanna betur varp vatnafugla gæti þó verið æskilegt að ein vettvangsferð yrði farin í kringum mánaðarmótin júlí/ágúst eða um miðbik ágúst bendi athuganir um vorið til þess að straumendur gætu verpt á þessum slóðum.

Stofnunin telur jafnframt mikilvægt að skoða eftirfarandi þætti í mati á umhverfisáhrifum:

- Landslag og landform eru þeir þættir sem nefndir eru sem ástæða til verndar í Þorvaldsdal. Gera þarf grein fyrir áhrifum fyrirhugaðrar virkjunar á þessa þætti
- Gera þarf grein fyrir hættu á náttúruvá innan virkjanasvæðisins, t.d. ofanflóð (berghlaup) og hamfarafloð
- Gera þarf betur grein fyrir endurbótum á núverandi vegslóða inn að stíflunni og einnig öðrum slóðum sem tengjast framkvæmdum s.s. við lagningu aðrennslispípu.



- Gera þarf grein fyrir raski á yfirborði vegna lagningar aðrennslispípu.
- Gera þarf grein fyrir mögulegu vatnsrofi meðfram árfarvegi neðan við fyrirhugaða stíflu vegna áforma um árlega skolun framburðar úr lóninu að vori (bls. 13) og áhrif þess á lífríki árinna neðan stíflu
- Gera þarf betur grein fyrir 50 m frárennisskurði við stöðvarhús sem nefndur er í matsáætlun en virðist vera 140 m á uppdrætti.
- Gera þarf betur grein fyrir heildar efnisþörf virkjanaframkvæmda ef 140.000 m³ miðast við aðflutt efni samkvæmt greinargerð matsáætlunar
- Gera þarf grein fyrir nýjum námum sem fyrirhugaðar eru á framkvæmdarsvæðinu og áætlað magn efnistöku úr þeim t.d. í lónsstæði

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi

Virðingarfyllst,



Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

